

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	4. nóv. 2024	Tími:	12:00 – 13:45
Fundarstaður:	Guðrúnartúni 1 og Teams			
Fundarstjóri:	HP			
Ritari:	AS			
Á fundinn mættu:	Arnór Snæbjörnsson (AS), Helga Þórisdóttir (HP), Hildur Ragnars (HR), Magnús Ingvason (MI), Sigríður Kristinsdóttir (SK) og Anna Hermansdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi:	Ágúst Hjörtur Ingþórsson (ÁHI), Ingibjörg Jóhannsdóttir (IJ)			

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 4. nóvember 2024

### 1. Fundargerð stjórnarfundar 7. október 2024

Fundargerð stjórnarfundar 7. október síðastliðinn var samþykkt.

### 2. Samanburður á laga- og starfsumhverfi forstöðumanna

Hafsteinn Dan Kristjánsson, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík leggur til að skipta verkinu upp í fjóra hluta og áætla hann að ljúka vinnunni í desember.

### 3. Samráðsfundur KMR og FFR

Vegna mikilla anna hjá KMR fellur mánaðarlegur samráðsfundur sem vera átti í dag niður.

### 4. Félagsstarfið eftir áramót

Umræður um félagsstarfið eftir áramótin, heimsóknir á stofnanir og möguleg umræðuefni á fræðslufundum.

### 5. Önnur mál

Umræður um vel heppnaða heimsókn félagsmanna í Árnastofnun í liðinni viku, nýjar reglur um starfslokasamninga sem nýlega voru birtar, opinbera þjónustu og mikilvægi opinberra starfa, starfræna vegferð og gagnaöryggi, svo fátt eitt sé nefnt.